



Skref tvö

Rökstuddur grunur um einelti

Þegar eineltismáli er vísað í skref 2 tekur nemendavernd/skólastjórnendur við málinu og setur það í ferli. Umsjónarkennari er lykilmaður í lausn málsins ásamt aðila frá nemendaverndarráði eða stjórnendum skólans. **Ekki er um tímaröð á aðgerðarlista að ræða né forgangs röðun.**

Aðgerðarlisti samkvæmt ferli.	Dags.	Athugasemdir
Starfsmenn beðnir um að fylgjast vel með samskiptum í stofu, frímínútum og annars staðar þar sem nemendur koma saman í nafni skólans.		
Samband haft við frístund, félagsmiðstöð eða aðra eftir þörf.		
Athugað með aukna gæslu fyrir þolanda og geranda.		
Umsjónarkennarar vinna markvisst með samskipti í bekknum, fræðsla, hópefli, bekkjarfundir og fleira.		
Námsráðgjafi kemur að fræðslu um einelti ef óskað er og/eða veitt viðtöl.		
Tilsjónarmaður/umsjónarkennari tekur viðtöl eftir þörfum og vinnur úr þeim.		
Fundur með foreldrum þolanda/polenda.		
Fundur með foreldrum geranda/gerenda.		
Utanaðkomandi fagaðili fenginn með fræðslu eða kemur að lausn málsins eftir aðstæðum.		
Annað:		
Eftirfylgni eftir þörfum og samantekt skilað til NVR.		

Niðurstöður:

Ekki talin þörf á frekari vinnu að svo stöddu

Undirskrift forráðamanns/-manna:



VINNUFERLI Í MÁLI ÞOLANDA - GERANDA

Einstaklingsviðtöl, hjá námsráðgjafa, sálfræðingi eða öðrum fagaðila eftir eðli máls, við þolanda/geranda þar sem hann fær stuðning og er upplýstur um þá vinnu sem fer í gang. Honum er jafnframt gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Víðistaðaskóla og að hann fái stuðning starfsmanna skólans við að vinna úr málinu persónulega. Endurtekin viðtöl geta verið nauðsynleg. Áriðandi er að það komi fram hversu mikilvægt sé að segja frá einelti og að það sé ekki það sama og að klaga. Nemanda boðin regluleg viðtöl hjá námsráðgjafa í eftirfylgni.

Viðtal við þolanda/geranda.

Helstu atriði viðtals:

Hver tók viðtalið:

Dags.:

Viðtal við foreldra þolanda/geranda

Umsjónarkennari, skólastjórnendur og/eða námsráðgjafi funda með forsjáraðilum þolanda/geranda. Hvert viðtal ræðst af eðli máls og aðstæðum. Ávallt þarf þó að gera forráðamönnum og þolanda/geranda grein fyrir því hvaða vinna hefur verið unnin og að einelti er ekki liðið í Víðistaðaskóla. Mikilvægt er að styrkja sjálfsmynd nemandans í skóla og heima fyrir og forráðamenn hvattir til að taka þátt í þeirri vinnu.

Fundargerð/Greinargerð er skráð og undirrituð af öllum fundarmönnum, fundargerð/greinargerð er skilað til Nemendaverndarráðs ásamt öllum gögnum um málið.

Greinargerð um málið frá úrvinnsluaðilum.